

4. gr.

158

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá félagsmenn, sem verða fyrir fjárhagsörðug- 7. sept.
leikum vegna langvarandi veikinda, slysa, dauðsfalls innan fjölskyldu þeirra eða
öðru fjárhagslegu tjóni, af þeim óviðráðanlegum orsökum.

5. gr.

Styrkveitingar fara fram einu sinni á ári, í desember, og skulu umsóknir um
styrki sendar formanni sjóðstjórnar fyrir 15. nóvember ár hvert. Útbýting styrksins
fer fram eigi síðar en um miðjan desembermánuð.

Óráðstafað styrktarfé leggst árlega við höfuðstól.

6. gr.

Til styrkveitinga er heimilt að verja allt að helmingi fastra tekna sjóðsins á
ári, þar til sjóðurinn nemur kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónum —, en síðan
allt að þrem fjórðu hlutum fastra tekna.

Árleg tillög og gjafir, sem ekki eru tilgreind í 3. gr. þessarar skipulagsskrár,
reiknast ekki til fastra tekna sjóðsins.

7. gr.

Sjóðnum stjórna þrír menn, sem kosnir eru á aðalfundi Starfsmannafélags
Akranesbæjar, til þriggja ára í senn, og skal einn ganga úr hvert ár, í fyrstu tvö
skiptin eftir hlutkesti.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.
Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins 8. marz 1953.

Svbj. Oddsson,
formaður.

Sig. Guðmundsson,
ritari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjóð Sigurðar Guðmundssonar 159
skólameistara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. 7. sept.
sept. 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Sigurðar Guðmundssonar skólameistara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Sigurðar Guðmundssonar skólameistara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í þann mund, er Sigurður Guðmundsson lét af embætti
skólameistara við Menntaskólann á Akureyri. Hafliði Halldórsson forstjóri, Reykja-
vík, sendi þá kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — til stofnunar sjóðsins.

159

7. sept.

Sjóðurinn tekur við gjöfum gamalla nemenda Sigurðar Guðmundssonar og annarra þeirra, er heiðra vilja starf hans og minningu. Eftir daga þeirra skólameistara-hjóna, Halldóru Ólafsdóttur og Sigurðar Guðmundssonar, skal enn fremur renna í sjóðinn það, sem inn hefur komið — í krónutali — fyrir bók Sigurðar Guðmundssonar „Á sal“ og lagt hefur verið í húseignina Barmahlíð 49 í Reykjavík. Afla má og sjóðnum tekna á annan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilegan stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri til háskólanáms erlendis í heimspeki eða sálarvísindum, enda skuldbindi styrkþegi sig til þess að dveljast einn vetur á Akureyri að námi loknu og flytja erindi fyrir nemöndum Menntaskólans.

5. gr.

Vextir skulu leggjast við höfuðstól sjóðsins, þar til sjóðurinn nemur 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónum —, en úr því má verja $\frac{3}{4}$ árlegra vaxta samkvæmt 4. gr. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins og varzla skal vera hjá skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og skal sjóðurinn ávaxtaður á sem tryggilegastan og arðsamastan hátt, t. d. í fasteign eða gegn fyrsta veðrétti í fasteign eða í ríkistryggðum skuldabréfum. Skulu árlegir reikningar sjóðsins birtir í skýrslu skólans. Styrkur úr sjóðnum er veittur á kennarafundi, og skal hann auglýstur í skólanum með hæfilegum fyrirvara. Fastir kennarar einir hafa atkvæðisrétt um styrkveitinguna, og ræður afl atkvæða úrslitum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Menntaskólinn á Akureyri, 27. ágúst 1953.

Þórarinn Björnsson,
skólameistari.

160

7. sept.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. september 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1941, á fimmtánda starfsári Starfsmannafélags Reykjavíkur, með 1000.00 — eitt þúsund — króna framlagi frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurbæjar.